

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 60/2009****2009/EES/47/06****frá 29. maí 2009****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við  
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/2009 frá 17. mars 2009 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 frá 19. desember 2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum <sup>(2)</sup>. Rétt er að heimila stjórnvöldum í Noregi og á Íslandi að viðhalda lægra hámarksgildi fyrir díoxín og díoxínlik PCB í olíu úr sjávardýrum sem mælt er fyrir um í landslögum af ástæðum sem lúta að lýðheilsu.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2007 frá 28. september 2007 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum að því er varðar eiturefni sveppa af ættkvíslinni *Fusarium* í mais og maisafurðum <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 629/2008 frá 2. júlí 2008 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum <sup>(4)</sup>.
- 5) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 1881/2006 fellur úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 466/2001 <sup>(5)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 6) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*I. gr.*

XII. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Brotti falli texti liðar 54zn (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 466/2001).
2. Eftirfarandi bætist við á eftir lið 54zzzy (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/60/EB):  
„54zzzz. **32006 R 1881**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 frá 19. desember 2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum (Stjtið. ESB L 364, 20.12.2006, bls. 5) eins og henni var breytt með:
  - **32007 R 1126**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2007 frá 28. september 2007 (Stjtið. ESB L 255, 29.9.2007, bls. 14),
  - **32008 R 0629**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 629/2008 frá 2. júlí 2008 (Stjtið. ESB L 173, 3.7.2008, bls. 6).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 130, 28.5.2009, bls. 19, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 28, 28.5.2009, bls. 16.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 364, 20.12.2006, bls. 5.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 255, 29.9.2007, bls. 14.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 173, 3.7.2008, bls. 6.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 77, 16.3.2001, bls. 1.

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi bætist við í 1. gr.:

„Að því er varðar hámarksgildi fyrir díoxín og díoxínlík PCB í olíu úr sjávardýrum er stjórnvöldum á Íslandi og í Noregi heimilt að viðhalda hámarksgildi fyrir díoxín, fúrön og díoxínlík PCB (WHO-PCDD/F-PCB-TEQ) sem er 5 µg á hvert gramm fitu.““

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 1881/2006, 1126/2007 og 629/2008, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. maí 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. maí 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Alan Seatter***

formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.